

Öryggisleiðbeiningar(MSDS)

Skv. reglum VER nr. 602/1999 og tilskipunum 91/155/EEC og 93/112/EEC.

1. Söluheiti efnis eða vörutegundar. Nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.

Söluheiti vöru: **BENSÍN, 95 OKTAN BENSÍN & V-POWER**

Notkun: Eldsneyti.

Dreifingaraðili: SKELJUNGUR hf., Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík, sími 444 3000

Öryggisleiðbeiningar: EFNAVERND ehf., Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eitrunarupplýsingastöð Landspítala, Fossvogi, Reykjavík: sími 525 1111

2. Samsetning / upplýsingar um innihald.

CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnaheiti:	Styrkur %:	Hættuflokkun:	
86290-81-5	289-220-8	Bensín	60 - 100	T	H45-65
1634-04-4	216-653-1	Metýl-tert-bútýleter	0 - 10	Xi, F	H11-38

Varnaðarmerking - sjá lið 15.

Texti hættusetninga - sjá lið 16.

3. Varúðarupplýsingar.

Afar eldfimt. Getur valdið krabbameini við langavarandi eða endurtekna innöndun eða snertingu við húð. Getur valdið lungnaskaða við inntöku. Langvarandi eða endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð. Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Eitrað vatnalífverum og getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.



4. Skyndihjálp.

Almennt:	Flytjið slasaða af hættusvæði í hreint loft, ró og hlýju. Við meðvitundarleysi skal koma slasaða fyrir í læstri hliðarlegu. Veitið öndunarhjálp ef öndun hefur stöðvast. Framkvæmið hjartahnoð ef hjartsláttur hefur stöðvast.
Við innöndun:	Tryggið hreint loft. Ef slasaði á erfitt með öndun, gefið súrefni eða veitið öndunarhjálp. Þeir sem veita fyrstu hjálp þurfa að hafa þjálfun í súrefnisgjöf.
Snerting við húð:	Farið strax úr fötum sem mengast af efninu og þvoiid húðina vandlega með vatni og sápu. Berið mýkjandi krem á húðina. Leitið lækni ef erting er viðvarandi.
Snerting við augu:	Skolið vandlega með nægu vatni í nokkrar mínútur með augað vel opið. Haldið skolun áfram ef erting hættir ekki. Leitið lækni ef erting er viðvarandi.
Við inntöku:	Framkallið EKKI uppköst. Mikilvægt er að olúefni komist ekki ofan í lungun. Leitið strax lækni.

5. Bruni / aðferðir við að slökkva eld.

Efni/aðferðir: Notið viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki við slökkvistörf. Heppileg slökkviefni eru froða eða vatnsúði. Á lítinn eld má nota duft, kolsýru, sand eða

jarðveg. Notið ekki vatn þar sem hættu getur myndast á sprengisúðu. Haldið lokuðum umbúðum með efninu á hættusvæðinu köldum með vatnsúða og fjarlægið þær ef hægt er. Aðeins þeir sem til þess hafa þjálfun mega nota vatn til að kæla heita fleti/umbúðir og til verndar fólki.

Sérstök hættu: Efnið er afar eldfimt. Gufa efnisins er þyngri en loft og getur dreifst eftir gólfum og lögnum og valdið íkveikju fjarri upprunastað. Efnið getur hlaðið upp stöðurafmagni, sem valdið getur íkveikju við afhleðslu. Við ófullkominn bruna getur myndast afar eldfimt kolmónoxíð sem myndar sprengifima blöndu með andrúmslofti.

6. Efnaleki.

Varið fólk í nágrenninu við og haldið óviðkomandi frá. Loftræstið vandlega svæðið þar sem lekinn varð. Notið persónuhlífar skv. lið 8 við hreinsunarstörf. Fjarlægið allt sem valdið getur íkveikju og reykið ekki. Gufa efnisins er þyngri en loft og getur dreifst eftir gólfum og lögnum og valdið íkveikju fjarri upprunastað. Hindrið að efnið berist út í umhverfið; látið það ekki berast í niðurföll, vötn eða jarðveg.

Notið óvirk ísogsefni eða viðurkenndar dælur til að hefta og hreinsa upp efni sem fer niður og látið í viðeigandi og merkt ílát til förgunar. Minniháttar leka má þurrka upp með pappír, tuskum eða tvisti, sem þarf síðan að meðhöndla sem eldfíman úrgang þar til hægt er að eyða honum á viðeigandi hátt. Fjarlægið mengaðan jarðveg eða gerið aðrar ráðstafanir til að lágmarka áhrif á grunnvatn. Athugið að hættu er á hálkumyndun þar sem efnið hefur farið niður.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Meðhöndlun: Efnið er afar eldfimt og getur hlaðið upp stöðurafmagni, sem valdið getur íkveikju við afhleðslu. Notið persónuhlífar skv. lið 8 við meðhöndlun efnisins. Efnið á aðeins að meðhöndla í lokuðum kerfum.

Tryggið góða loftræstingu. Fjarlægið allt sem valdið getur íkveikju og reykið ekki. Notið aðeins tæki og hluti (ílát, slöngur, leiðslur, tengi o.þ.h.) sem ætluð eru til notkunar með þessu efni. Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni.

Fyrir vinnu í tönkum gilda sérstakar reglur, m.a. um mælingar á sprengihættu, notkun á ferskloftstækjum, líflínum ofl.

Geymsla: Geymist í merktum umbúðum sem sérstaklega eru ætlaðar fyrir þetta efni. Efnið skemmir sum gerfiefni, gúmmí og málningu. Heppileg umbúðafefni eru Teflon og sambærileg efni. Minni umbúðir skulu vera vel lokaðar í geymslu. Geymið á vel loftræstum stað fjarri opnum eldi, hita- og neistagjöfum og beinu sólarljósi. Slökkvitæki þurfa að vera aðgengileg. Geymist þar sem börn ná ekki til.

8. Eftirlit með mengun / persónulegur hlífðarbúnaður.

Tæknilegar aðgerðir: Loftræsting þarf að vera fullnægjandi þar sem hættu er á gasmyndun. Komið í veg fyrir mengun á notkunarstað.

Mengunarmörk:	Bensín:	(MG)	25 ppm	180 mg/m ³
	Benzen:	(MG)	0,5 ppm	1,6 mg/m ³
	n-Hexan:	(MG)	25 ppm	90 mg/m ³
	Tólúen:	(MG)	25 ppm	94 mg/m ³
	Xýlen, blanda ísómera:	(MG)	25 ppm	109 mg/m ³
		(PG)	100 ppm	442 mg/m ³

Persónuhlífar;

Öndunargrímur: Ekki nauðsynlegar við venjulegar aðstæður. Notið öndunargrímu með sú AX þar sem hættu er á gasmyndun. Notið ferskloftstæki við vinnu með efnið í lokuðu rými.

Fyrir augu: Hlífðargleraugu með hliðarhlífum ef hættu er á slettum.

Fyrir hendur: Hlífðarhanskar úr nitrílgúmmí eða PVC með gegndræpitíma > 8 klst.

Fyrir húð: Hreinlæti við vinnu:	Langerma/skálma hlífðarfatnaður ef hætta er á slettum. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Farið úr fötum sem mengast af efninu. Þvoið mengaðan hlífðarfatnað áður en hann er notaður aftur. Geymið ekki klúta eða annað mengað af efninu í vösum.
9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar. Ástand / útlit / lykt: Vökvi / gullinn / bensín Sýrustig (pH): - Bræðslumark: < - 60°C Suðumark: 30 - 200°C Blossamark: < - 40°C Niðurbrotshiti: 370°C Íkveikimörk: 440°C Sprengimörk; neðri - efri: 0,6 - 8% Gufuþrýstingur: 45 - 100 kPa við 20°C Gufuþéttni: > 1 Uppgufunarhraði: 11 (Bútýlasetat = 1) Seigja: < 1 mm²/s við 40°C Eðlisþyngd: 720 - 770 kg/m³ við 15°C Leysni: Í vatni; 0,01 g/l við 20°C. Log Pow >3	
10. Stöðugleiki og hvarfgirni. Stöðugleiki: - Áðstæður sem skal forðast: Hiti, opinn eldur og annað sem valdið getur íkveikju. Efni sem skal varast: Efnið getur hvarfast kröftuglega við sterka oxunarmiðla eins og klór og hreint súrefni. Hættuleg niðurbrotsefni: Brotnar ekki niður við venjulegt hitastig. Við bruna myndast CO₂. Við ófullkominn bruna myndast reykur og kolmónoxíð sem er eitrad og afar eldfimt.	
11. Eiturfræðilegar upplýsingar. Við innöndun: Getur valdið krabbameini við langvarandi innöndun. Getur valdið höfuðverk og svima og leitt til meðvitundarleysis auk annarra áhrifa á miðtaugakerfi. Snerting við húð: Getur valdið krabbameini við langvarandi snertingu. Ertandi. Langvarandi eða endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð. Snerting við augu: Ertandi. Við inntöku: Ertir slímhúðir. Lítil bein eiturhrif. Hætta á lungnaskaða ef efnið berst í lungu við inntöku. Bráð eiturhrif: Upplýsingarnar eru byggðar á niðurstöðum fyrir sambærileg efni. LD50 (inntaka): > 5000 mg/kg LD50 (húð): > 2000 mg/kg LC50 (innöndun): > 5mg/l / 4 klst. Langtímaáhrif: Getur valdið krabbameini við innöndun og í snertingu við húð. Endurtekin eða viðvarandi snerting við Benzen getur haft skaðleg áhrif á blóð (Leukemi) og blóðframléiðslu líkamans. Endurtekin eða langvarandi snerting við n-Hexan getur valdið skaða á úttaugakerfi og haft áhrif á frjósemi. Ekki talið valda ofnæmi.	
12. Hættur gagnvart umhverfinu. Hegðun í umhverfinu: Efnið flýtur á vatni og getur dreifst um stórt svæði með því. Ef mikið magn efnisins berst í jarðveg getur það spillt grunnvatni.	

<i>Líffræðileg áhrif:</i>	Brotnar niður að hluta en hluti getur safnast upp í umhverfinu. Gufar hratt upp og dreifist í andrúmsloftinu. LC50 (fiskur, <i>Pimephales Promelas</i>): 8,3 mg/l / 96 klst. EC50 (<i>Mysidopsis bahia</i>): 2,0 mg/l / 48 klst. IC50 (<i>Selenasium capricornutum</i>): 3,1 - 30.000 mg/l / 72 klst. Eitrað vatnalífverum ($1 < LC/EC50 \leq 10$ mg/l) og getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.
<i>Aðrar vistfræðilegar uppl.:</i>	-

13. Förgun.

<i>Förgun vörunnar:</i>	Endurvinnið ef hægt er. Notað efni og skemmt, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.
<i>Förgun umbúða:</i>	Menguðum umbúðum skal farga á sama hátt og vörunni sjálfri. Hreinum umbúðum má farga eða endurvinna á sama hátt og almennu sorpi, ef annað kemur ekki fram í reglum.

14. Flutningur.

<i>Flutningur á landi:</i>	ADR/RID flokkur: 3	UN-nr.: 1203	Númer og bókstafur:
	Nafn efnis: Bensín		
	Varúðarmerki: 3	Hættunr.: 33	Pökkunarflokkur: II
<i>Flutningur á sjó:</i>	IMDG flokkur: 3	UN-nr.: 1203	Pökkunarflokkur: II
	Ems: 3-07	MFAG:	
	Nafn efnis:		
	Varúðarmerki:		Sjávarmengandi: nei
<i>Flutningur í lofti:</i>	ICAO/IATA flokkur: 3	UN-nr.: 1203	Pökkunarflokkur: II
	Nafn efnis:		Varúðarmerki:

Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.

15. Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar.

Varnaðarmerkingar skv. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilskipunum ESB:

Varnaðarmerki: Fx, T



Inniheldur: Bensín

EB-nr.: 86290-81-5

<i>H - setningar:</i>	H45	Getur valdið krabbameini.
	H65	Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.
	H67	Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.
	H51/53	Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.
<i>V - setningar:</i>	V53	Varist snertingu - aflið sérstakra notkunarleiðbeininga.
	V37	Notið viðeigandi hlífðarhanska.
	V45	Leitið umsvifalaust lækni ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingarnar ef unnt er.
	V62	Varist að framkalla uppköst eftir inntöku. Leitið umsvifalaust lækni og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.

- V16 Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar.
 V43 Notið duft, CO₂, froðu eða vatnsúða við slökkvistarf. Notið ekki vatn.
 V29 Má ekki losa í niðurfall.
 V61 Forðist losun út í umhverfið. Athugið sérstakar ráðleggingar / öryggisleiðbeiningar.
 (V2) GEYMIST Á LÆSTUM STAÐ ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.
 EB – merkimiði.

Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:

Reglur nr. 765/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

16. Aðrar upplýsingar.

Gert þann:: 15-12-04

Dagsetning frumrits: 06-11-02

Breytt þann: - Breyttir liðir: -

Gert fyrir: SKELJUNGUR hf., Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík, sími 444 3000

Unnið af: EFNAVERND ehf., Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130 / FF

Texti hættusetninga sem fram koma í lið 2:

- H11 Mjög eldfimt.
 H38 Ertir húð.
 H45 Getur valdið krabbameini.
 H65 Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.

Annað: Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisleiðbeiningarnar eru gerðar. Þeir sem vinna með efnið þurfa að vera upplýstir um hættulega eiginleika þess og um nauðsynlegar varúðarráðstafanir við meðhöndlun. Tryggja þarf að nauðsynlegar persónuhlífar og öryggisbúnaður sé fyrir hendi.

Þessar öryggisleiðbeiningar eru unnar eftir MSDS frá NORSKE SHELL A/S, 0107 Oslo, Norge.